

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 28. desember 1992 um breytingu á lögum nr. 112/1989 um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. maí 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. desember 1983.

1. gr.

Í stað „vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira“ í 1. mgr. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 361/1992, komi: vörubifreiða sem eru meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.

2. gr.

Í stað „vörubifreið fyrir 5 smálesta farm eða meira“ í 4. mgr. 42. gr., sbr. reglugerð nr. 116/1988, komi: vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 45. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Eigi má veita þeim sem er yngri en 20 ára réttindi til að stjórna vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd, hópþifreið eða bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

4. gr.

Á eftir 52. gr. komi tvær nýjar greinar, 52. gr. a og b, með fyrirsögninni: **G. Eldri ökuréttindi.**

5. gr.

Ný grein, 52. gr. a, orðist svo:
Fullnaðarskírteini sem gefin höfðu verið út til 10 ára fyrir 1. mars 1988 og voru þá í gildi skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára.

6. gr.

Ný grein, 52. gr. b, orðist svo:
Peir, sem fyrir 1. júní 1993 hafa öðlast réttindi sem nú er krafist sérstakrar löggildingar til, halda þeim rétti, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum til þess, þannig:
a. Peir sem fyrir 1. júlí 1958 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna bifhjóli, svo og vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.
b. Peir sem fyrir 12. apríl 1960 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna hópþifreið fyrir fleiri en 16 farþega, þó ekki bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
c. Peir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna hópþifreið fyrir allt að 16 farþega, þó ekki bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
d. Peir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna leigubifreið til mannflutninga mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

- e. Þeir sem fyrir 1. júní 1993 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna vörubifreið fyrir allt að 5 smálesta farm.
- f. Þeir sem fyrir 1. janúar 1951 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna leigubifreið til mannflutninga eiga rétt á að fá ótímabundin ökuréttindi.

7. gr.

Á eftir 56. gr. komi svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

- a. Ákvæði 2., 19., 40. og 44. gr. um æfingaakstur og próf í akstri dráttarvéla gilda eftir því sem við á um æfingaakstur og próf í akstri torfærutækja.
- b. Þar til fram hefur farið heildarendurskoðun reglugerðarinnar gilda ákvæði hennar áfram með þeim breytingum sem leiða af breyttum ákvæðum umferðarlaganna.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júní 1993.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 116 29. febrúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í júnímánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í júnímánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið Útborgun 5,1%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í júnímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Pórður Eyþórsson.